



BÚSETA Í SVEIT

Rafrænn vegvísir fyrir nýliða

Þessi vegvísir er ætlaður til að leiða þig skref fyrir skref gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrekstrar. Einnig er hann ætlaður til að vísa þér á hvar upplýsingar og fróðleik varðandi nautgriparækt/mjólkurframleiðslu er að finna á vefnum.

Í sumum tilfellum sérðu að líklegast er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir varið tíma þínum í að byggja upp blómlegt bú.

Ljósmynd: Guðný Haladóttir

SKREF FYRIR SKREF

Dínar glósur:

ÞINGLÝSA KAUP-/LEIGUSAMNINGI

[Sýslumenn -þinglýsing skjala](#)

SKRÁNING LÖGHEIMILIS

Skráning lögheimilis á bújörð er mjög mikilvæg.

[Þjóðskrá -Tilkynna flutning](#)

TILKYNNING TIL SKATTAYFIRVALDA, TIL LAUNAGREIÐENDASKRÁR STAÐGREIÐSLU / VIRÐISAUKASKATTSSKRÁR

[Ríkisskattstjóri](#)

Tilkynna þarf ríkisskattstjóra um stofnun reksturs á kennitölu einstaklings eða fyrirtækis með því að sækja um virðisaukaskattsnúmer og láta skrá sig inn á launagreiðendaskrá eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst.

RAFRÆN SKILRÍKI

[Íslykill](#) og [rafræn skilríki](#) Veita aðgang að mikilvægum kerfum.

□ KERFIÐ AFURÐ Á VEGUM MAR (MATVÆLARÁÐUNEYTISINS)

Kerfið Afurð Umsóknir og tilkynningar á rafrænu formi. Íslykil eða rafræn skilríki þarf til innskráningar.

Til þess að fá aðgang að Afurð þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- **Nýtt búsnúmer, ef búsnúmer er ekki til á jörðinni.** Í búsumsjónarkerfi Matvælaráðuneytisins er nýtt búsnúmer skráð ef þess þarf. Senda skal tölvupóst á netfangið postur@mar.is, ef búsnúmer er ekki til staðar á býlinu, einnig ef um er að ræða nýja rekstrareiningu á lögbýlinu.
- **Breytingu á umráðamönnum búfjár.** Þegar nýr aðili tekur við eða hefur búrekstur þarf hann eða félag í hans eigu að vera skráð umráðamaður á því búsnúmeri sem reksturinn tengist. Óska skal eftir umráðamannabreytingu í tölvupósti á netfangið postur@mar.is. Einungis umráðamenn búfjár hafa aðgang að Afurð.

Í Afurð má nálgast **Jarðabók** býlisins sem tengist landnámi/búsnúmeri jarðarinnar. Í jarðabókinni er m.a. yfirlit yfir **allar greiðslur býlisins, haustskýrslu, rafræn skjöl, skattyfirlit, yfirlit yfir umsóknir, kröfur, greiðslur í bið** o.s.frv.

- **Handhafaskráning stuðningsgreiðslna í sauðfjárrækt.** Sótt er um handhafaskráningu í Afurð undir **Umsóknir – Handhafi – Nýskrá**. Nýliði getur ekki fengið stuðningsgreiðslur af neinu tagi án þess að vera skráður handhafi hveggjar greiðslutegundar fyrir sig. Í **Jarðabók Afurðar** má sjá **yfirlit** yfir þær tegundir stuðningsgreiðslna sem viðkomandi er handhafi að. **Skilyrði** fyrir því að fá stuðningsgreiðslur er að **reksturinn sé stundaður á lögbýli** og gefa skal upp númer þess hér, einnig þurfa **virðisaukaskattsnúmer og ÍSAT-númer rekstrarins** að liggja fyrir. **Handhafaskráningu þarf að fylgja afrit af kaupsamningi eða leigusamningi.**
- **Handhafaskráningu þarf að yfirfara reglulega í Jarðabókinni**, viðkomandi bóndi eða rekstraraðili þarf að vera skráður handhafi allra greiðslna sem hann getur mögulega átt rétt á, hvort sem er um að ræða greiðslur út á greiðslumark, greiðslur út á framleidda mjólk, sláturálag eða hver greiðslan er sem um ræðir hverju sinni.

□ NÝSKRÁNING Á BÆNDATORG

Gott er að framkvæma nýskráningu á Bændatorg samhliða tilkynningu til MAR. Möguleikann til að skrá sig inn á Bændatorgið má t.d. finna efst til hægri á forsíðunni á vef Bændasamtaka Íslands, þar sem stendur „[Bændatorg](#)“. Þegar smellt hefur verið á [Bændatorgið](#) t.d. á fyrrnefndum stað er valinn möguleikinn „Nýskráning“. Sú skráning er gerð með rafrænum skilríkjum eða auðkennisappi í gegnum „Signet“. Við nýskráninguna er einnig hægt að veita öðrum umboð með því að smella á hnappinn sem á stendur „Veita umboð hjá Signet“. Eftir það getur hver sem fengið hefur slíkt umboð skráð sig inn með sínu auðkenni og valið hvaða umboð á að nota í innskráningarferlinu hjá Signet. Önnur leið en fyrrnefnd til að finna Bændatorgið er að skrifa torg.bondi.is í línuna fyrir slóð efst í vafra þeim sem notaður er.

Leiðbeiningar um nýskráningu fyrirtækja fyrir aðgangi að Bændatorgi eru finnanlegar í sérstöku [skjali](#) hér á síðu RML.

Bændatorg er vefsvæði sem allir bændur eiga að geta fengið aðgang að. Þegar þeir hafa skráð sig þar inn, sbr. hér á undan geta þeir farið þaðan beint inn í þau skýrsluhaldskerfi, sem þeir hafa fengið aðgang að og tengd eru torginu, án þess að skrá sig inn í þau sérstaklega. Þegar búið er að opna ákveðið kerfi (t.d. www.fjarvis.is eða www.huppa.is) fyrir bónda getur hann farið á Bændatorgið og

valið kerfið sem hann ætlar að fara í með því að smella á heiti þess á stað sem heitir **Síðan mín**. Inni á torginu eru einnig ýmiss konar skilaboð og fréttir sem tengjast kerfunum. Einnig má þar finna rafræn skjöl sem eru m.a. unnin af ráðunautum fyrir viðkomandi bónda.

Þínar glósur:

SKÝRSLUHALD

Skýrsluhald í nautgriparækt á sér langa sögu og er grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í mjólkurframleiðslunni. Ábati þess að vera þátttakandi í skýrsluhaldinu er mikill. Ræktun heima á hverju búi verður markvissari fyrir utan að **stuðningsgreiðslur fást ekki greiddar nema um þátttöku í skýrsluhaldi sé að ræða**. Að taka þátt í skýrsluhaldi í Huppu er einnig skylt þeim bændum sem eingöngu stunda kjötframleiðslu af nautgripum til að tryggja sér rétt til að fá gripagreiðslur og sláturálag.

Sótt er um aðgang að HUPPU á **Bændatorgi**.

Til þess að fá aðgang að Huppu þarf viðkomandi að vera búinn að skrá sig eða félag á sínum vegum sem umráðamann nautgripa á viðkomandi búi hjá MAR.

Úr reglugerð:

Framleiðandi skal skila hjarðbók og heilsukorti og tryggja rétta framkvæmd á merkingum nautgripa, í samræmi við gildandi reglugerð um merkingar búffjár með síðari breytingum.

Allur nautgripabústofn framleiðanda skal skráður í Huppu. Framleiðandi ber ábyrgð á skráningu á afurðum sem gripir búsins gefa af sér.

Eftirfarandi skal skrá eða vera til staðar í afurðaskýrsluhaldi auk upplýsinga sem eru skráðar í hjarðbók búsins (lágmarkskröfur):

Afdriffangs hjá öllum kúm og kvígum.

Burðardagur kúa og kvígna, fjöldi fæddra kálfa og afdrif þeirra.

Fallþungi og gæðaflokkun allra sláturgripa, sem byggir á innlesnum sláturgögnum frá sláturhúsum.

Ástæða afsetningar kúa og kvígna og að fylgt sé tímamörkum um skráningar sem tilgreind eru í gildandi reglugerð um merkingar búffjár.

Nyt allra mjólkandi kúa (mjólkurskýrsla) í hverjum mánuði fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. [* Á eingöngu við um mjólkurframleiðendur.]*

Niðurstöður kýrsýna (mjólkursýna) úr öllum mjólkandi kúm sem mjólkurframleiðendur skulu taka tvisvar sinnum í hverjum ársfjórðungi. Mjólkursýni skal taka með viðurkenndum hætti og sýna þverskurð af mjólkinni úr viðkomandi kú. [* Á eingöngu við um mjólkurframleiðendur.]Framleiðendur skulu staðfesta*

skýrsluhaldsupplýsingar í síðasta lagi 10. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð og á það jafnt við um mjólkurframleiðendur sem og þá sem eingöngu stunda kjötframleiðslu.

STUÐNINGSGREIÐSLUR NAUTGRIPARÆKTAR

Reglugerð um stuðning í nautgriparækt

Reglugerðin gildir um stuðningsgreiðslur í nautgriparækt, svo sem greiðslur út á greiðslumark, greiðslur fyrir innvegna mjólk, gripagreiðslur, greiðslur til framleiðenda nautakjöts (sláturálag) og fjárfestinga-stuðning, samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 19. febrúar 2016.

Stuðningsgreiðslur vegna mjólkurframleiðslunnar eru þrískiptar; greiðslur út á greiðslumark viðkomandi bús, greiðslur út á innvegna mjólk í afurðastöð og loks gripagreiðslur.

Skilyrði fyrir því að fá stuðningsgreiðslur reglulega eru tilgreind í 3. gr. reglugerðarinnar og séu þau ekki uppfyllt fara greiðslur „í bið“. Helsta ástæða fyrir slíku í mjólkurframleiðslu er að kýrsýni séu send of sjaldan yfir árið. Öruggst er að senda kýrsýni einu sinni í mánuði til að vera viss um að uppfylla skilyrði fyrir hvern ársfjórðung og árið í heild.

Skilyrði fyrir greiðslum eru (sbr. 3. gr. reglugerðarinnar):

- a. þátttaka í afurðaskýrsluhaldi með fullnægjandi skilum í samræmi við 4. gr. og
- b. fullnægjandi skil á haustskýrslu í Bústofn skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Þá má hlutdeild framleiðanda eða framleiðenda sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 0,7% af árlegum heildarframlögum samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar.

GREIÐSLUMARK MJÓLKUR

Beingreiðslur greiðast úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Greitt er fyrsta virkan dag hvers mánaðar og út á 1/12 greiðslumarksins í hvert sinn. Frekari upplýsingar um greiðslumark eru í [Reglugerð um stuðning í nautgriparækt](#).

INNVEGIN MJÓLK

Greiðslur á innvegna mjólk eru greiddar 1. hvers mánaðar út á innvegna mjólk næstsíðasta mánaðar þar á undan og eru ekki háðar greiðslumarki. Upplýsingar um innvegna mjólk koma frá afurðastöðvunum sem taka á móti mjólkinni, en forsvarsmenn þeirra lesa mjólkurinnlegg mánaðarlega inn í Afurð. Hægt er að fá yfirlit yfir mjólkurinnlegg frá afurðastöðvum í jarðabók Afurðar.

GRIPAGREIÐSLUR

Hlutdeild hvers framleiðanda í heildarframlagi til gripagreiðslna á hverju verðlagsári fer eftir fjölda árskúa samkvæmt afurðaskýrsluhaldi hans. Unnt er að skoða upplýsingar um þann fjölda árskúa sem Afurð notar við útreikning á gripagreiðslum í MARK en einnig koma þær upplýsingar fram í rafrænum

bréfum til handhafa í Afurð og stafrænu pósthólfi stjórnvalda. Frekari upplýsingar um gripagreiðslur eru í **Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.**

NAUTAKJÖTSFRAMLEIÐSLA -SLÁTURÁLAG

Fjárhæð sem ráðstafað er til að greiða sláturálag á nautakjöt skiptist jafnt á þá skrokka sem uppfylla gæðakröfurnar sem koma fram hér á eftir: Kjötframleiðendur fá ársfjórðungslega upplýsingar um þá gripi sem sláturálag er greitt út á, í rafrænu bréfi sem er sent framleiðendum í Afurð og í stafrænt pósthólf stjórnvalda á Ísland.is.

- a. Lágmarksþyngd skrokks sé 250 kg.
- b. Nautakjöt falli ekki í EUROP gæðaflokk P og P-.
- c. Gripur sé yngri en 30 mánaða.

FJÁRFESTINGARSTUÐNINGUR

Greidd eru framlög til fjárfestingastuðnings í nautgriparækt. Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa.

Reglugerð um stuðning í nautgriparækt

JARÐRÆKTARSTYRKUR, LANDGREIÐSLUR OG BÆTUR VEGNA ÁGANGS ÁLFTA OG GÆSA

Úr reglugerð um almennan stuðning við landbúnað:

Ár hvert auglýsir ráðuneytið [MAR] eftir umsækjendum um framlög. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi, [Afurð] eigi síðar en 1. október ár hvert vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna. Umsóknum um styrki vegna ágangs álftra og gæsa og tjónmati skal skilað rafrænt eigi síðar en 20. október ár hvert. Beri 1. október eða 20. október upp á helgi eða almennan frídag framlengist umsóknarfrestur fram að miðnætti næsta virka dag.

Skilyrði fyrir veitingu stuðnings skv. III. kafla eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi skv. 11. gr.

Hér fylgir tilvitnun í 11. gr. sömu reglugerðar:

Til þess að uppfylla skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald í jarðrækt þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar í Jörð:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang framleiðanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á. ÍSAT-númer búrekstrar samkvæmt skráningu hjá RSK.
2. Virkt virðisaukaskattsnúmer búrekstrar.
3. Eftirfarandi upplýsingar um hverja spildu úr Jörð:
 - a. Nafn og/eða númer spildu.
 - b. Hnitsetningu spildu byggða á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Túnkortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.

- c. Ræktun, þ.e. gras, grænófóður, korn eða olíujurtir.
- d. Tegund og yrki, þegar sótt er um jarðræktarstyrk.
- e. Stærð spildu í hekturum.
- f. Ræktunarár, ef ræktað síðastliðin 5 ár.
- g. Dagsetningu sáningar, ef sótt er um jarðræktarstyrk.
- h. Dagsetningu uppskeru.
- i. Notkun alls áburðar (áburðargjöf).
- j. Dagsetningu slátta.

4. Heildaruppskeru í kg þurrefnis fyrir hverja spildu.

5. Heildarfjölda uppskorinna hektara, ef sótt er um landgreiðslu.

Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun með viðurkenndum aðferðum.

Sótt er um aðgang að Jörð á **Bændatorgi** sbr. fyrir.

Varðandi ágang álfta og gæsa:

Úr reglugerð um almennan stuðning við landbúnað: Greiddur er stuðningur skv. 8. gr. vegna ágangs álfta og gæsa á nýrækt og endurrækt á túnnum, kornrækt og rækt annarra fóðurjurta.

Framleiðendur skulu skila inn rafrænni tjónaskýrslu í umsóknarkerfi ráðuneytisins innan þriggja sólarhringa frá því tjóns verður vart eða álftir og gæsir hafa haft sig á brott. Með umsókn skal skila inn myndum af tjóni er sýna umfang ágangs. Síðasti skilafrestur til að skila inn tjónaskýrslu er 20. október á því ári sem tjón verður. Úttektaraðili skal að jafnaði taka út tjón í samræmi við 12. gr. reglugerðarinnar og samninga úttektaraðila við ráðuneytið innan 4 vikna frá tilkynningu um tjón.

NÝLIÐUNARSTUÐNINGUR

Matvælaráðuneytið (MAR) ráðstafar fjármunum til nýliðunarstuðnings í nautgriparækt. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

Sótt er um slík framlög í kerfi Matvælaráðuneytisins, [Afurð](#).

Til þess að eiga rétt á slíku framlagi þarf umsækjandi að

- vera á aldrinum 18-40 ára
- eiga að lágmarki 25% hlut í lögaðila sem er að hefja búrekstur eða hefur nýlega hafið búrekstur
- hafa byrjað búrekstur sinn innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári
- uppfylla skilyrði til að þiggja greiðslur skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað

Umsækjandi má ekki hafa hlotið nýliðunarstuðning áður, að teknu tilliti til þess að sækja má um þrjú ár í röð vegna sömu fjárfestingar, né nýliðunarstuðning skv. eldri úthlutunarreglum.

Nýliðunarstuðningur fæst vegna **kaupa á jörð, kaupa á fasteign, kaupa á bústofni eða plöntum til framleiðslu garðyrkjuafurða, kaupa á greiðslumarki, kaupa á tækjum og búnaði** til búskapar sem eru hluti af fjárfestingu í tengslum við nýliðun eða vegna **kaupa á lögaðila**, sem hefur eignarhald á styrkhæfri fjárfestingu skv. framangreindu.

Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu heildarframlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en níu milljónir króna samtals. Nýliðunarstuðningur tekur mið af eignarhlut umsækjanda.

Ef úthlutunarfjárhæð er lægri en fjárhæð gildra umsókna er umsóknum forgangsraðað með vísan til eftirfarandi þátta:

- menntunar umsækjanda á sviði landbúnaðar eða sem nýtist í landbúnaði
- jafnréttissjónarmiða
- heildarmats á umsókn m.t.t. rökstuðnings með umsókn, verk- og framkvæmdaáætlun, 5 ára rekstraráætlun og niðurstöðu hennar og fleiri atriða sem ráðuneytið ákveður að leggja til grundvallar við mat á umsókn í samræmi við reglur um forgangsroðun.

Meðal þeirra gagna sem nauðsynlegt er að leggja fram við umsókn um nýliðunarstuðning er 5 ára rekstraráætlun með greinargerð, unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. RML veitir einnig aðra ráðgjöf varðandi umsóknir um nýliðunarstuðning.

Nánar í [Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað](#).

LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA

Matvælaráðuneytið (MAR) ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum.

[Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað](#)

MATVÆLASJÓÐUR

Hlutverk [Matvælasjóðs](#) er skv. vef Stjórnarráðsins að styðja þróun og nýsköpun í framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Aðaláherslan er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla. Fyrirspurnir sendist á netfangið



matvaelasjodur@mar.is. Flokkar sjóðsins eru fjórir, Bára, Kelda, Afurð og Fjár sjóður. Setja þarf í efnislínu í fyrirspurnarpósti hvaða flokki fyrirspurnin tilheyrir eða merkja hana þar með orðin „Almennt“.

ÞRÓUNARFÉ Í NAUTGRIPARÆKT

Á vef Stjórnarráðs Íslands er að finna upplýsingar um [Þróunarverkefni búgreina](#) en til þeirra verkefna er veitt fjármunum sem hafa verið nefndir þróunarfé. Undir því sem þar nefnist búgreinar segir: „Í nautgriparækt eru styrkhæf þau verkefni sem talið er að styrki íslenska nautgriparækt og eru skilgreind sem kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í nautgriparækt.“

Umsóknarfrestur er auglýstur en sótt er um framlög í kerfinu [Afurð](#).

MERKING BÚFJÁR

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé hans sé merkt með viðurkenndum merkjum sem fylgja eiga hverju dýri alla ævi þess.

[Mark -einstaklingsmerkingar](#) Merkjapöntunarforrit sem hefur sömu aðgangsorð og Bændatorgið og þar með skýrsluhaldsforrit BÍ.

Starfsmenn RML panta einnig merki fyrir bændur gegn gjaldi ef þörf krefur.

SALA OG KAUP Á GRIPUM

Sækja þarf um leyfi til MAST ef flytja á nautgripi til lífs milli varnarhólfa.

[Þjónustugátt Mast](#) Umsóknir á rafrænu formi.

MJÓLKURFRAMLEIÐSLA

Allir mjólkurframleiðendur þurfa **mjólkursöluleyfi** til að geta framleitt mjólk til sölu. Leyfið veitir héraðsdýralæknir og er hægt að sækja um það í gegnum Þjónustugátt MAST.

Allir sem leggja mjólk inn í samlag þurfa að fá sérstakt innleggsnúmer hjá sinni afurðastöð.

[Auðhumla Samvinnufélag mjólkurframleiðenda](#)

Á vef Auðhumlu er undirsvæði sem heitir „[Bændavefur](#)“. Þar er að finna fróðleik um gæðamál í mjólkurframleiðslunni, reglugerðir sem hana snerta og ýmislegt fleira.

BÚREKSTUR / BÓKHALD

Til að fá aðgang að dk-búbót sem er bókhaldskerfi, sérhæft fyrir bændur, þarf að hafa samband við starfsmenn RML, þau Hjálmar Ólafsson hjalmar@rml.is eða Maríu Svanþrúði Jónsdóttur msj@rml.is. Einnig er hægt að hafa samband við þau símleiðis í síma RML 516 5000.

RML heldur úti þjónustu við notendur dk-búbótar þar sem hægt er að ná sambandi við rekstrarráðunauta með því að hringja í aðalnúmer fyrirtækisins, 516 5000 á tímanum 9-12 og 13-16 frá mánudegi til fimmtudags og kl. 9-12 á föstudögum, sbr. hér [Dk-Búbót](#).

☐ SKRÁNING BÚFJÁRFJÖLDA OG FÓÐURBIRGÐA

Skila skal haustskýrslu um búfjáreign, fóður og landstærðir til ANR í gegnum vefinn www.bustofn.is fyrir **20. nóvember**.

Þeir bændur sem ekki gera það sjálfir geta fengið aðstoð starfsmanna RML sem ganga frá skýrslunni gegn gjaldi.

☐ EFTIRLIT MEÐ NAUTGRIPARÆKT

MAST hefur eftirlit með nautgriparækt og má lesa um það hér. [MAST -eftirlit](#)

☐ DÝRAHEILBRIGÐI

Upplýsingar um dýralæknþjónustu á þínu svæði finnst á vef MAST. Hér finnst [vaktsími dýralækna](#).

Upplýsingar um smitvarnir vegna búfjársjúkdóma og varnarhólf eru á vef MAST. [Smitvarnir](#)

☐ VELFERÐ OG AÐBÚNAÐUR

[Reglugerð um velferð nautgripa](#)

☐ MENNTUN Í LANDBÚNAÐI

Landbúnaðarháskóli Íslands sem hefur aðalaðsetur á Hvanneyri er helsta menntastofnunin í landbúnaði. Á [vef](#) skólans má finna ýmsar upplýsingar um námið og aðra starfsemi sem þar fer fram.

☐ FÉLAGSMÁL & HAGSMUNAGÆSLA

Bændasamtök Íslands

[Deild nautgripabænda innan Bændasamtaka Íslands - BÍ](#)

TILKYNNINGA- OG UMSÓKNARFRESTIR Í TÍMARÖÐ:

<p>1. febrúar</p> <p>Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á fyrsta ársfjórðungi.</p>	<p>10. mars</p> <p>Síðasti skiladagur tilboðs um kaup eða sölu greiðslumarks á markaði 1. apríl.</p>	<p>30. mars</p> <p>Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á fyrsta ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. apríl má þó telja til sýna frá fyrsta ársfjórðungi.</p>	<p>31. mars</p> <p>Umsóknarfresti um fjárfestingastuðning lýkur.</p>
<p>1. apríl</p> <p>Markaður fyrir greiðslumark mjólkur.</p>	<p>1. maí</p> <p>Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á öðrum ársfjórðungi.</p>	<p>15. maí</p> <p>Umsóknarfresti vegna styrkja til aðlögunar að lífrænni framleiðslu lýkur.</p>	<p>30. júní</p> <p>Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á öðrum ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. júlí má þó telja til sýna frá öðrum ársfjórðungi.</p>
<p>1. ágúst</p> <p>Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á þriðja ársfjórðungi.</p>	<p>10. ágúst</p> <p>Síðasti skiladagur tilboðs um kaup eða sölu greiðslumarks á markaði 1. september.</p>	<p>1. september</p> <p>Síðasti dagur umsóknarfrests vegna nýliðunarstuðnings.</p> <p>Markaður fyrir greiðslumark mjólkur.</p>	<p>30. september</p> <p>Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á þriðja ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. október má þó telja til sýna frá þriðja ársfjórðungi.</p>
<p>1. október</p> <p>Umsóknarfresti fyrir jarðræktarstyrk og landgreiðslur lýkur.</p>	<p>10. október</p> <p>Síðasti skiladagur tilboðs um kaup eða sölu greiðslumarks á markaði 1. nóvember.</p>	<p>20. október</p> <p>Skilafrestur tjónaskýrslu vegna ágangs álfta og gæsa.</p>	<p>1. nóvember</p> <p>Markaður fyrir greiðslumark mjólkur.</p> <p>Gott að huga að skilum á fjórða ársfjórðungi.</p>
<p>20. nóvember</p> <p>Síðasti skiladagur haustskýrslu um búfjáreign, fóður og landstærðir til Matvælaráðuneytisins – MAR.</p>	<p>31. desember</p> <p>Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á fjórða ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. janúar má telja til sýna frá fjórða ársfjórðungi þess árs sem er að enda.</p>		